

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 223./1981. **Hafnarbíó h/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. Filmverhuurkantor De Dam B.V.

og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

Skuldamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thorodd-
sen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en þess til vara, að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 75.604.20 krónur án vaxta. Þrautavarakröfur aðaláfrýjanda eru þessar: 1. Að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 94.203.64 krónur án vaxta. 2. Að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 21.122.31 bandaríkjadollara án vaxta. 3. Að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 26.041.94 bandaríkjadollara án vaxta. Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagn-
áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1981. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum 43.685.61 bandaríkjadollara með 10% árs-
vöxtum frá 16. október 1979 til 1. júní 1980, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á. og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir gagnáfrýjandi þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi vanefndi samning þann, er í málinu greinir, bæði að því er varðar uppgjör og greiðslu leigugjalds. Telja verður, að í skiptum aðilja í tilefni af þessum vanefndum hafi aðaláfrýjandi fallist á, að gjaldið skyldi gert upp og greitt í bandarískum dollurum. Þá ber að skýra samninginn þannig, að gera hafi átt upp leigugjald fyrir hverja mynd út af fyrir sig.

Ekki er um það deilt, að uppgjör hafi átt að fara fram og greiðslur átt að inna af hendi á þeim dögum, er greinir í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ekki er heldur neinn ágreiningur um, hverjar séu þær fjárhæðir, sem koma eiga til skipta með aðiljum samkvæmt samningi þeirra, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Með hliðsjón af málf lutningi aðilja ber að líta svo á, að fjárhæð sú, er við nefnt uppgjör reyndist umfram fyrirframgreiðsluna, 3.500.00 dollarar, hafi átt að skiptast með aðiljum á þann veg, að í hlut aðaláfrýjanda kæmi 40%, en í hlut gagnáfrýjanda 60%.

Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, en útreikningar þeir, sem byggt er á í dóminum, hafa ekki verið vefengdir miðað við þá aðferð, sem notuð var. Vextir ákveðast eins og segir í dómsorði.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 100.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Hafnarbíó h/f, greiði gagnáfrýjanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni f. h Filmverhuurkantor De Dam B.V., 30.110.31 bandaríkjadollara með 10% ársvöxtum frá 16. október 1979 til 1. júní 1980, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 100.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel, að vexti eigi að ákveða eins og segir í dómsorði hins áfrýjaða dóms og 16% ársvextir reiknist til 21. apríl 1982, 15% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember s. á. og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 2. júní sl., hefur Páll S. Páls-son hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. Filmverhuurkantor „De Dam“ B.V., Hemonylaan 21, Amsterdam 1008, Hollandi, með stefnu, birtri 11. september 1980, á hendur Jóni Ragnarssyni forstjóra f. h. Hafnarbíós h/f í Reykjavík.

Endanlegar kröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiðs US \$ 43.685.61, en til vara jafngildi að íslenskum krónum með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. október 1979 til 9. janúar 1980, af US \$ 30.813.95 og af US \$43.685.61 frá 9. janúar 1980 til greiðsludags. Þá verði stefnda og gert að greiða stefnda málskostnað skv. lágmarkstaxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dómnum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að málsaðiljar gerðu með sér samning, undirritaðan 6. desember 1973. Fyrirtækið De Dam sem leigusali og Hafnarbíó sem leigutaki sömdu þar um leigu kvikmynda, sem gerðar eru af Charley Chaplin, eftir nánari ákvæðum, sem um greinir í samningnum, sem fram er lagður á dskj. nr. 3. Alls voru myndir þessar 10 að tölu. Á dskj. nr. 15 kemur fram þýðing löggilts skjalabýðanda á þeim atriðum samningsins, sem aðiljar eru sammála um, að hér skipti máli. Þar segir:

„2. Landsvæði

Réttindin, sem veitt eru samkvæmt samningi þessum, ná til landsins og ríkisins Íslands, eins og til þess er stofnað, þegar samningur þessi er gerður (og sem í samningi þessum nefnist landsvæði), en þau eiga ekki að ná til skipa á úthafinu, járnbrautarlesta eða flugvéla hverju nafni sem nefnast.

3. Afgjald

(i) Í afgjald vegna leyfisins, sem veitt er samkvæmt samningi þessum, ber leyfistaka að greiða leyfisveitanda fyrirfram og vegna hluta vergrar

innheimtu samkvæmt skilgreiningu samnings þessa 35.000 Bandaríkjadollara (þrjátíu og fimm þúsund) nettó, án þess nokkru sé haldið eftir samkvæmt íslenskum ákvæðum eða öðrum, ellegar öðrum eigna-, neyslu- eða viðskiptasköttum eða útsvörum, og ofangreinda upphæð ber að greiða sem hér segir:

a) 10% (3.500 Bandaríkjadollara) daginn, sem samningur þessi gengur í gildi.

b) Eftirstöðvarnar hvenær sem er eða af og til innan tímabils, sem lýkur hinn 31. desember 1974. Þegar sérhver greiðsla, sem gjaldfallin er samkvæmt staflið b) fer fram, ber leyfistaka einnig að greiða félaginu vexti, er nemi tíu af hundraði (10%) á ári af umræddri greiðslu, sem safnast saman frá degi til dags frá fyrsta degi samnings þessa, þar til umrædd greiðsla fer fram. Allar upphæðir, sem greiða ber samkvæmt staflið b), þ. á m. vexti, ber að tryggja með óafturkallanlegri ábyrgð fyrsta flokks íslensks banka, en ábyrgðarskjalið ber að afhenda leyfisveitanda við undirritun samnings þessa. Leyfistaka ber að greiða allan kostnað, sem hlýst af útvegum framgreindrar ábyrgðar. Leyfistaka ber að halda eftir einu hundraði af hundraði (100%) framangreinds óafturkræfs framlags hluta leyfisveitanda af vergri innheimtu, sem greiða ber leyfisveitanda, eins og skilgreint er í eftirfarandi ákvæðum.

(ii) Leyfistaka heimilast að draga eftirfarandi frá vergum innheimtum: Raunveruleg, rýmileg og rétt útgjöld leyfistaka, sem hljótast eingöngu í sambandi við: endurútgáfur, auglýsingar, váttryggingu, ritskoðunargjöld, útgáfaréttargjöld, innheimtukostnað á sýningum (utan málskostnað, nema leyfisveitandi hafi heimilað málaferlin skriflega), kostnað við sendingu endurútgáfu og auglýsingaefnis til eða frá leyfisveitanda, kostnað vegna nauðsynlegra þýðinga samtalsblaða, þýðinga, skráðra texta og/ eða þýðinga innsetningarspjalda og tollgjalda samkvæmt reikningum til leyfistaka. Almennur rekstrar- og stjórnunarkostnaður er sérstaklega undanþeginn og ekki frádráttarbær á neinn hátt.

(iii) Umboðslaun vegna dreifingar, er nemi þrjátíu af hundraði (30%) nettó innheimtuupphæða, þar til leyfistaki hefur að fullu dregið frá framlagið, sem leyfisveitanda er greitt samkvæmt 3. lið (i) a) samnings þessa.

(iv) Þegar leyfistaki hefur dregið ofangreint framlag frá, ber honum að halda eftir fjörutíu af hundraði (40%) allra nettó innheimtuupphæða, sem síðar koma til, enda eru það umboðslaun dreifingaraðila.

(v) Orðin vergar innheimtuupphæðir eiga við allar upphæðir, sem leyfistaka greiðast vegna sýninga og hagnýtingar myndanna og útdráttá úr þeim, án nokkurs frádráttar.

(vi) Til að geta staðfest heimilaða frádrætti samkvæmt 3. lið og gagnkröfu

vegna kostnaðar leyfistaka, eins og skilgreint er í 3. lið (ii) hér að framan, ber leyfistaka að hafa aðskilið bókhald fyrir sérhverja mynd, og má á engan hátt blanda uppgjöri vegna myndar saman við neinar aðrar myndir, sem skráðar eru samkvæmt samningi þessum. Alla frádrætti og útgjöld, sem eru endurkröfuhæf, ber að skrá í bækurnar og fylgi kvittaðir reikningar, þegar mögulegt er.

4. Greiðsla

Allar greiðslur, sem leyfistaka ber að senda leyfisveitanda samkvæmt samningi þessum, á að senda leyfisveitanda með ávísun eða bankayfirfærslu í gjaldmiðli landsvæðisins á reikning leyfisveitanda í Bank MEES & Hope N.V., 548 Heerengracht, Amsterdam, Hollandi, eða á annað heimilisfang, sem leyfisveitandi kann að tilkynna skriflega á hverjum tíma. Allar greiðslur, sem leyfistaka ber að inna af hendi samkvæmt samningi þessum, á að greiða leyfisveitanda í næsta mánuði eftir að leyfistaki tók við þeim, og ber leyfistaka að láta í té mánaðarleg uppgjör, er sýna viðeigandi útreikninga tekna og frádrátta aðskilið og á engan hátt reiknaða fyrir eina mynd eða fleiri fyrir sérhverja myndanna (aths. þýð.: sic).

Sé ekki hægt að senda greiðslu til þess staðar, er í samningnum greinir, vegna reglugerðar stjórnvalda, fellst leyfistaki á að fara að beiðni leyfisveitanda (svo fremi leyfistaki geti gert það að lögum og að tilskyldum viðeigandi lögum og reglugerðum) og leggja í banka á landsvæði, sem leyfisveitandi tilgreinir, upphæðina í gjaldmiðli landsvæðisins, er hefði átt að greiðast leyfisveitanda samkvæmt samningi þessum, þannig að leyfisveitandi geti ráðstafað henni að eigin vild.

Leyfistaka ber að greiða hverskyns skatta, álögur eða gjöld (þar á meðal kvótaleyfi, óviss innflutningsleyfi eða ámóta álögur) samkvæmt hverskyns lagareglum, reglugerðum eða opinberum heimildum á landsvæðinu vegna leyfisgjalda, leigugjalda, filma, mynda, kálfa, auglýsinga og annars efnis eða fyrir réttindi og forréttindi til að nota það í sambandi við einhverja myndanna, hvort sem er við innflutning einhvers efnis frá leyfisveitanda samkvæmt samningi þessum eða á annan hátt. Tilgangurinn er sá, að upphæðirnar, sem í samningnum greinir og sem leyfistaka ber að greiða leyfisveitanda, séu nettó fyrir félagið og án allra skatta, álaga eða greiðslna hverju nafni sem nefnast.“

Að loknum leigutíma skv. samningnum átti leigutaki að skila hverri mynd ásamt öllum fylgigögnum.

Stefndi hefur greitt sem fyrirframgreiðslu US \$ 35.000.00 fyrir allar myndirnar, eða US \$ 3.500.00 fyrir hverja mynd.

Mikil bréfaskipti og viðræður hafa átt sér stað milli aðiljanna, sérstaklega eftir að stefnandi fól Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni að heimta

flestar kvikmyndanna frá stefnda með fógetavaldi, en þrátt fyrir það og ítrekaðar tilraunir til reikningsuppgjors milli aðilja, m. a. með aðstoð lög-gilts endurskoðanda, þá hefur það ekki tekist. Stefnumálaráðgjafi miðar stefnandi við útreikninga sína, sem fram koma á dskj. 11 og 12. Útreikningar stefnanda eru byggðir á upplýsingum og reikningsuppgjörum, sem for-sjármaður stefnda hefur gert með aðstoð endurskoðanda, sem stefnandi réð til þess. Uppgjör endurskoðandans kemur fram á dskj. 17 og 18. Skila-greinar skv. þeim dskj. eru undirritaðar sem réttar af Jóni Ragnarssyni, forstjóra Hafnarbíós. Af stefnda hálfu er því þó haldið fram, að skilagrein, sem fram kemur á dskj. nr. 16 og einnig er undirrituð af nefndum forstjóra, eigi að gilda í uppgjöri aðilja, enda þótt stefndi hafi verið reiðubúinn til uppgjors á grundvelli dómskj. 17—18 til samkomulags. Dómskjál 16 er fyrr unnið en uppgjör endurskoðandans, sem fram kemur á dskj. 17 og 18. Samkvæmt því uppgjöri greiddi stefndi til stefnanda \$ 2.837.17. Stefndi felldi sig ekki við það uppgjör, og því var endurskoðandinn ráðinn.

Samkvæmt dskj. 12 telur stefndi stefnda skulda sér í fyrsta lagi skv. bréfi stefnanda, dags. 16. október 1979, þ. e. dskj. 11, \$ 30.813.95, þar við bætist skv. síðara uppgjöri endurskoðandans, dómskj. 18, og útreikningi stefnanda vegna tveggja mynda í fyrsta lagi US \$ 8.179.82 og í öðru lagi US \$ 4.691.84, eða þannig samtals US \$ 43.685.61.

Samkvæmt bréfi stefnanda, dskj. nr. 11, telur hann, að endurskoðandinn hafi misskilið samning aðilja að því er varðar 3. gr., III. IV. Efnislega eigi uppgjörsaðferð samkvæmt samningi að vera sú, að fram að þeim tíma, er Hafnarbíó hefur fengið fyrirframgreiðslu sína aftur að fullu, fái bíóið 30% af nettótekjum í dreifingarumboðslaun, en eftir þann tíma fái það 40% af nettótekjum. Stefndi, De Dam, notar 30% + 10% aðferð, því takmörkin milli þessara tveggja reikningsaðferða séu ókunn, þar sem Hafnarbíó hafi ekki skilað uppgjörum á réttum tíma. De Dam telur sig komast nær sanni þannig, því skv. þeirra útreikningum fái Hafnarbíó 37.25% af nettóhagnaði af öllum myndunum.

Útreikningar Hafnarbíós gefi þeim 56.5% hlut af nettótekjum. Mismunurinn á þessum tveimur aðferðum komi best fram á dskj. nr. 12 og sé svoljóðandi:

„HAFNARBIO SPLIT

<i>Title</i>	<i>Gross</i>	<i>Costs</i>	<i>Hafnarbió Share</i>	<i>De Dam Share</i>
CHAPLIN REVUE	4.765.445	669.755	2.375.500	1.720.190
KING IN NEW YORK	3.173.606	1.075.300	1.217.018	881.288
CIRCUS	4.348.358	523.954	2.218.154	1.606.250
MONSIEUR VERDOUX	1.394.588	876.187	300.672	217.729
CITY LIGHTS	4.719.614	601.374	2.388.579	1.729.661
COLD RUSH	3.324.689	564.176	1.601.098	1.159.415
LIMELIGHT	1.250.524	498.791	436.005	315.728
KID/IDLE CLASS	2.281.313	481.268	1.044.026	756.019
GREAT DICTATOR	2.627.579	510.633	980.257	1.136.689
MODERN TIMES	2.404.795	479.006	1.007.055	918.734
	Ikr. 30.290.511	6.280.444	13.568.364	10.441.703

HAFNARBIO gets 56.5% of net (i.e. Gross less costs)

JOHN WATTS SPLIT

CHAPLIN REVUE	4.765.445	669.755	1.515.405	2.580.285
KING IN NEW YORK	3.173.606	1.075.300	776.373	1.321.933
CIRCUS	4.348.358	523.954	1.415.029	2.409.375
MONSIEUR VERDOUX	1.394.588	876.187	191.808	326.593
CITY LIGHTS	4.719.614	601.374	1.523.749	2.594.491
COLD RUSH	3.324.689	564.176	1.021.390	1.739.123
LIMELIGHT	1.250.524	498.791	278.141	473.592
KID/IDLE CLASS	2.281.313	481.268	666.016	1.134.029
GREAT DICTATOR	2.627.579	510.633	824.532	1.292.414
MODERN TIMES	2.404.795	479.006	730.859	1.194.930
	Ikr. 30.290.511	6.280.444	8.943.302	15.066.865

HAFNARBIO gets 37.25% of net (i.e. Gross less costs).“

Af hálfu stefnanda er vitnað til útreikningsaðferða stefnanda á dskj. 11 og 12 og því haldið fram, að þar sem ekki hafi borist greinargerðir og uppgjör stefnda, eins og fyrir sé lagt í samningnum, eigi að leggja útreikningsaðferðir stefnanda til grundvallar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skv. samningi aðilja eigi greiðslur hans að fara fram í íslenskrí mynt. Því eigi að miða greiðslur hans við gengi íslenskrar krónu, þegar sýningum hvernar myndar lauk. Leigutími hafi verið 3 ár og hafi því leigu átt að vera lokið í árslok 1976. Hann heldur fast við uppgjör á grundvelli dómskj. nr. 16. Sýknukröfu sína byggir hann skv. greinargerð á því, að stefnandi skipti fyrirframgreiðslu US \$ 35.000.00 ranglega upp á einstakar kvikmyndir. Af þessum sökum sé ætlast til, að stefndi beri tap af tveimur myndanna. Þá sé hlutur stefnda í hagnaði ranglega reiknaður í því tilviki, sem honum eru ætluð 40% af hagnaði, enda sé það viðurkennt af stefnanda í dskj. nr. 12. Enn fremur liggja það ekki ljóst fyrir, hvort tillit sé tekið til allra útgjalda, þar sem uppgjör á nettótekjum liggja ekki fyrir. Verði túlkun stefnanda á samningi málsaðilja, dskj. 3, lögð til grundvallar, verði samningurinn að dæmast ógildur, sbr. ákvæði 32. gr. laga 7/1936 og 7. gr. laga 58/1960. Bendir stefndi sérstaklega á ákvæði 18. gr. samningsins í þessu sambandi. Þá mótmælti stefndi sérstaklega kröfu stefnanda um dráttarvexti á þeim grunni, að ekki sé heimild til töku slíkra dráttarvaxta í samningi aðilja eða skv. lögum.

Álit dómsins.

Samkvæmt 3. gr. í samningi aðilja verður að telja, að samningurinn sé gerður í bandaríkjadollurum. 4. gr. samningsins þykir varða greiðslutilhögun samkvæmt samningnum, en ekki mynt né þann tíma, sem reikna eigi gengi dollars gagnvart íslenskrí krónu í skiptum aðilja.

Á dómskj. 17 og 18 eru skilagreinar, sem undirritaðar eru af forsjármanni stefnda sem séu þær réttar og samdar eru samkvæmt upplýsingum hans og gögnum af endurskoðanda, sem til þess var fenginn af stefnanda. Skilagreinar þessar eru síðar gerðar, en skilagrein dómskj. 16. Stefndi uppfyllti ekki ákvæði 4. gr. samnings aðilja, sbr. dómskj. 3, sbr. dómskj. 15, um mánaðarlegt uppgjör varðandi tekjur og heimilaðan kostnað.

Af hálfu stefnda er að vísu hér fyrir dómi byggt á skilagrein dómskj. nr. 16, en þar sem forsjármaður stefnda hefur samkvæmt framansögðu undirritað skilagreinar dómskj. 17 og 18 sem réttar, upplýst er, að hann var reiðubúinn til uppgjors á grundvelli þeirra, og hann hefur ekki farið eftir 4. gr. samningsins um mánaðarleg uppgjör, verður stefndi talinn bundinn við síðari skilagreinarnar, en stefnandi reisir útreikning stefnukröfunnar á þeim.

Að þessu skoðuðu þykir ekki annað vera hér til úrlausnar en hver eigi að vera útreikningur á afgangi vegna leigu á myndunum samkvæmt 3. gr. samnings aðilja. Mismunur útreikningsaðferða stefnanda og stefnda kemur fram á dómskj. 11 og 12, sbr. uppgjör dómskj. 17 og 18. Þegar skoðað er niðurlag 1. tl. 3. gr. samnings aðilja í samhengi við 3. tl. og 4. tl. sömu

greinar, þykir eiga að skipta „hreinum“ tekjum vegna leigu á myndunum þannig, að fyrst eigi að óskiptu að reikna stefnda jafngildi fyrirframgreiðslunnar, \$ 3.500.00, af hverri mynd, en þó aldrei hærri fjárhæð en 30% af „hreinum“ tekjum. Séu „hreinar“ tekjur hins vegar hærri, verði skipting þess, sem umfram er, í hlutföllunum 40% og 60%.

Útreikningur skiptingarinnar verður þá þannig:

<i>Mynd og sýningardagur</i>	<i>„Hreinar tekjur“</i>	<i>§ 3.500 eða 30%</i>	<i>Til skipta í 40% og 60%</i>	<i>Hafnarbió 40%</i>	<i>De Dam 60%</i>	<i>Gengi dollars</i>	<i>De Dam Fyrirfr. í dollurum greiðsla</i>	<i>Eftir stöðvar</i>	
Chaplin Revue	4.095.690	418.950	3.676.740	1.470.696	2.206.044	318.50	6.926.35	3.500	3.426.35
A King in New York	2.098.306	418.950	1.679.356	671.742	1.007.614	315.00	3.199.77	3.500	0
The Circus	3.824.404	418.950	3.405.454	1.362.182	2.043.272	213.40	9.574.85	3.500	6.074.85
Monsieur Verdoux	518.401	155.520	362.881	145.152	217.729	192.40	1.131.64	3.500	0
City Lights	4.118.240	418.950	3.699.290	1.479.716	2.219.574	189.90	11.688.12	3.500	8.188.12
The Gold Rush and A Dogs Life	2.760.513	418.950	2.341.563	936.625	1.404.938	170.30	8.249.78	3.500	4.749.78
Limelight	751.733	225.520	526.213	210.485	315.728	165.90	1.903.12	3.500	0
The Kid and the Idle Class	1.800.045	418.950	1.381.095	552.438	828.657	151.00	5.487.79	3.500	1.987.79
The Great Dictator	741.551	222.465	519.086	207.634	311.452	94.20	3.306.28	3.500	0
Sama	1.375.395		1.375.395	550.158	825.237	255.30	3.232.42		3.232.42
The Modern Times	1.315.217	294.000	1.021.217	408.487	612.730	84.00	7.294.40	3.500	3.794.40
Sama	30.093		30.093	12.037	18.056	119.70	150.84		150.84
Sama	580.479		580.479	232.192	348.287	209.20	1.664.85		1.664.85
	24.010.067	3.411.205	20.598.862	8.239.544	12.359.318		63.809.21		33.269.40

Frá dregst innborgun skv. fskj. með dskj. nr. 11
Skuld Hafnarbiós við De Dam

3.159,09
30.110,31

Upphafstíma vaxta samkvæmt kröfu stefnanda er ekki sérstaklega mótmælt, og þykir því mega við hann miða. Samkvæmt stoð í samningi aðilja og ákvörðunum Seðlabanka Íslands um vanskilavexti af erlendum skuldum, sbr. auglýsingar, sem gildi tóku 1. júní 1980, 13. febrúar 1981 og 1. júní 1981, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, þykir rétt að ákveða hæð vaxta sem hér segir: 10% ársvexti frá 16. október 1979 til 1. júní 1980, 13% ársvexti frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en 15% ársvexti frá þeim tíma til 1. júní 1981, en 16% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00, og hefur þá verið litið til málskostnaðarreiknings stefnanda, dóm skj. 32.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni hæstaréttarlögmanni og Jónatan Þór-mundssyni prófessor.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hafnarbío h/f, greiði stefnanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Filmverhuurkantor „De Dam“ B.V., \$ 30.110.31 með 10% ársvöxtum frá 16. október 1979 til 9. janúar 1980 af \$ 21.267.80 og af \$ 30.110.31 frá þeim degi til 1. júní 1980, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 40.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför.